

Föstudaginn 22. október 1948.

Nr. 5/1945. **Magnús Andrésson**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn

Kristjáni Kristjánssyni
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Kaupkrafa skipstjóra. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 9. janúar 1945, hefur gert þær kröfur hér fyrir dómi, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og í hæstarétti eftir mati hæstaréttar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað í hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi sá ekki um, að gerður yrði skriflegur ráðningarsamningur við stefnda, er hann réðist skipstjóri á skip hans, „Capitana“, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1930, og það er eigi sannað, að hann hafi verið ráðinn til tiltekins tíma. Aðilja greinir á um það, hvor þeirra hafi sagt samningnum upp, en eftir atvikum verður að telja, að áfrýjanda beri að sanna, að stefndi hafi sagt samningnum upp, og hefur sú sönnun eigi komið fram í málinu. Þá verður loks eigi talið, að stefndi hafi glatað rétti til kröfu sinnar, hvorki með útgáfu kvittunarinnar 8. ágúst 1942 né með öðrum hætti, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 800 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Magnús Andrésson greiði stefnda Kristjáni Kristjánssyni málskostnað í hæstarétti, kr. 800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar hrd. og hrl. Sveinbjarnar Jónssonar, setudómara.

Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi ráðið stefnda til þess að hafa á hendi umsjón með breytingum á v/s Capitana, sem nota átti til fiskflutninga, en samið svo við stefnda, að hann skyldi sigla skipi þessu til Englands með fiskfarm tvær til þrjár ferðir. Um mánaðamótin júní og júlí 1942 hafi stefndi verið kominn úr ferð til Englands og skipið þá verið statt á Akureyri. Hafi stefndi þá komið til Reykjavíkur frá Akureyri og komið á skrifstofu sína. Kveðst áfrýjandi þá hafa spurt hann, hvort hann væri nú kominn til að láta af stjórn skipsins samkvæmt samkomulagi aðilja og hafi stefndi játað því. Hafi áfrýjandi því næst ráðið annan skipstjóra. Stefndi lýsir hins vegar svo málavöxtum, að áfrýjandi hafi ráðið hann til skipstjórnar á v/s Capitana um óákveðinn tíma. En þegar hann kom til Reykjavíkur í erindum vegna skipstjórnar í byrjun júlí 1942, hafi áfrýjandi lagt að honum að taka sér orlof. Segist stefndi hafa samþykkt það, enda yrði orlofi lokið, er skipið kæmi úr næstu Englandsferð. Nálægt mánuði síðar, er v/s Capitana var á leið til Íslands í nefndri ferð, hafi hann komið aftur að máli við áfrýjanda og krafizt þess, að skipstjórn v/s Capitana yrði fengin sér í hendur, en þá hafi áfrýjandi sagt, að skipstjóri sá, sem tók við af stefnda, ætti að hafa áfram stjórn skipsins, og hafi hann þá krafizt launa um uppsagnartíma, svo og oft síðar. Um þessar mundir, eða 5. ágúst 1942, tók stefndi við kr. 1313.65 úr hendi áfrýjanda. Undirritaði stefndi þá kvittun, svo hljóðandi: „Magnús Andrésson útgerðarmaður, Reykjavík, hefur í dag greitt undirrituðum uppgjört v/ms „Capitana“ krónur þrettán hundruð og þrettán 65/100, sem hér með kvittast fyrir.“

Skrifstofustúlkur áfrýjanda kveðast hafa orðað kvittun þessa, enda hafi áfrýjandi lagt fyrir þær að greiða stefnda, sem þá var staddur á skrifstofu áfrýjanda, nefnda fjárhæð gegn fullnaðarkvittun af hans hendi, en venjulegar launakvittanir sjómanna á útvegi áfrýjanda hafa verið orðaðar: „greitt upp í laun vegna“. Eftir því sem fram er komið í málinu, voru laun stefnda, þau sem hann kvittaði fyrir 5. ágúst, reiknuð til þess tíma, er hann lét af skipstjórn. Stefndi fór af skipinu í byrjun júlí 1942, en hin fyrirvaralaus kvittun var, eins og sagt hefur verið, ekki gefin út fyrr en 5. ágúst s. á., eða röskum mánuði síðar. Var v/s Capitana þá nýkomið eða rétt ókomið úr Englandsför þeirri, sem það fór í, eftir að stefndi fór af því. Hlýtur stefnda þá að hafa verið fullljóst, hvert var horf áfrýjanda við stefnda og að áfrýjandi ætlaði ekki að fela honum aftur skipstjórn á v/s Capitana. Má ráða þetta af framburði stefnda sjálfs. Svo bendir og vætti þeirra Jarls Sigurðssonar, Páls Jóhannssonar og Markúsar Sigurjónssonar eindregið til þess, að stefndi hafi vitað þetta þegar í júlímánuði. Þá eru hvorki leiddar sönnur að því gegn mótmælum áfrýjanda, að stefndi hafi hinn 5. ágúst, er hann gaf hina fyrirvaralaus kvittun, haft uppi kröfu til launa um uppsagnartíma, né að hann hafi borið fram slíkar kröfur fyrr en nálægt áramótum 1942 og 1943, er lögfræðingur hans sneri sér til áfrýjanda. Þegar litið er á þetta háttarni stefnda, þykir bresta grundvöll undir kröfu hans, og geta þær því ekki orðið teknar til greina. En eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Samkvæmt framanrituðu teljum við, að rétt dómsorð eigi að hljóða svo: Áfrýjandi Magnús Andrés-son á að vera sýkn af kröfum stefnda Kristjáns Kristjánssonar í máli þessu. Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. desember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Kristján Kristjánsson skipstjóri, Mýrargötu 3 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefni 27. apríl 1944 gegn Magnúsi Andrés-syni útgerðarmanni, hér í bæ. Gerir stefnandi þær dómkröfur *ad allega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 11 305.10

ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, en *til vara*, að honum verði gert að greiða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt sömu vöxtum. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þau, að fyrri hluta sumars 1942 var stefnandi ráðinn sem skipstjóri á v/s Capitana, sem var eign stefnda. Ráðningarkjörin voru þau sömu og þá giltu almennt fyrir skipstjóra á isfiskflutningaskipum hér. Telur stefnandi, að ráðningartíminn hafi verið óákveðinn, en stefndi, að aðeins hafi verið samið um 2—3 ferðir til útlanda. Þegar stefnandi hafði siglt með skipinu í 2 ferðir, fór það til Eyjafjarðar til þess að kaupa fisk til útflutnings. Var þetta í júlímánuði 1942. Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi þá þurft að fara suður til Reykjavíkur í erindum skipsins. Kveðst hann hafa komið á skrifstofu stefnda, sem þá hafi fyrirvaralaust tilkynnt sér, að hann ætti strax að láta af skipstjórn v/s Capitana, að visu um stundarsakir, og skoða tímamann, þar til hann tæki aftur við stjórn skipsins, sem væri hann í leyfi. Stefnandi skýrir hins vegar frá þessu á þá leið, að stefnandi hafi í þetta skipti komið á skrifstofu sína, án þess að gera nokkurt boð á undan sér, en skipið lá þá á Akureyri. Segist hann hafa spurt stefnanda, hvort hann væri kominn til þess að tilkynna burtför sína af skipinu og stefnandi hafi sagt svo vera. Stefnandi fékk greitt kaup til þessa tíma, er hann lét af skipstjórninni, og hefur óvéfengt eftirrit af kvittun stefnanda verið lagt fram í málinu. Er kvittun þessi dagsett 5. ágúst 1942 og hljóðar svo: „Magnús Andrésson útgerðarmaður, Reykjavík, hefur í dag greitt undirrituðum uppgjört v/m.s Capitana kr. 1313.65. Kristján Kristjánsson.“ Stefnandi kveðst margsinnis hafa minnst á það við stefnda, hvort hann ætti ekki að fara að taka aftur við skipstjórn v/s Capitana, og hafi í fyrsta skipti minnst á þetta, áður en skipið kom úr fyrstu ferðinni eftir að hann lét af stjórn þess. Af hálfu stefnda hefur því ekki verið andmælt, að stefnandi hafi farið þess á leit að fá bætur fyrir fyrirvaralausá uppsögn, en það hafi verið nokkrum mánuðum eftir að stefnandi lét af störfum hjá honum. Í janúarmánuði 1943 mun stefnandi hafa snúið sér til Ólafs Þorgrímssonar hrl. og beðið hann að innheimta hjá stefnda fjárhæð sem svaraði þriggja mánaða launum, en þegar tilraunir Ólafs í þessu efni báru engan árangur, var til máls þessa stofnað, eins og fyrr segir.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að lengd ráðningarsamnings hans hafi verið óákveðin, og þar sem engin uppsögn hafi farið fram af hálfu aðilja, þá hafi ráðningarsamningurinn verið áfram í gildi, en hann krefjist einungis þriggja mánaða kaups frá þeim tíma, sem stefndi hætti að hagnýta sér starfskrafta hans, enda hafi hann engar tekjur haft á því tímabili. Telur stefnandi laun í þrjá mánuði nema kr. 4255.20, auk 2% af söluverði fiskfarms skipsins þann 31. júlí og

15. sept. 1942, sem var samtals kr. 352 495.13. Krafa stefnanda er því samtals kr. 11 305.10 og er hún tölulega óvæfengd.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að upphaflega hafi verið um það samið, að ráðningartími stefnanda yrði aðeins 2—3 ferðir og í samræmi við það hafi stefnandi sjálfur sagt upp starfinu, enda og gefið fullnaðarkvittun að loknum tveim ferðum.

Stefndi hefur ekki, gegn mótmælum stefnanda, fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að samið hafi verið fyrirfram um lengd ráðningartíma stefnanda. Sjálfur hefur stefndi haldið því fram, að hann hafi ekki sagt samningnum upp í júlímánuði 1942. Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi hafi gert það. Eitt vitni hefur borið það fyrir dómi, að stefndi hafi í júní—júli 1942 sagt sér, að það væri samkomulag með þeim stefnanda, að hann tæki sér leyfi um tíma. Tvö önnur vitni, skipverjar á v/s Capitana, hafa enn fremur borið það, að stefnandi hafi í júlímánuði 1942, þegar skipið lá á Akureyri, tilkynnt þeim í síma frá Reykjavík, að sér hefði fyrirvaralaust verið sagt upp skipstjórastarfi á v/s Capitana. Samkvæmt framansögðu, svo og öðrum gögnum í málinu, verður ekki, gegn mótmælum stefnanda, talið sannað, að stefnandi hafi sjálfur sagt upp starfinu í júlímánuði 1942, enda verður ekki séð, að fyrrgreind kvittun sé nein viðurkenning af hálfu stefnanda, um að skiptum þeirra aðiljanna hafi þá verið lokið. Dómurinn verður því að líta svo á, að ráðningarsamningur stefnanda hafi verið áfram í gildi þá þrjá mánuði, er hann krefst launa fyrir, og þar sem útreikningi stefnanda á laununum hefur ekki verið hnekt, verður sú krafa hans tekin til greina óbreytt.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða kr. 11 305.10 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Árni Tryggvason borgardómari og meðdómendurnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri hafa kveðið um þessa dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Magnús Andrésson greiði stefnanda Kristjáni Kristjánssyni kr. 11 305.10 ásamt 5% ársvöxtum frá 27. apríl 1944 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.